

**Sýslumaður Austurlands**

**06 446**

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Sýslumaður Austurlands**

**kt. 410914-0770**

**Bjólfsgötu 7, 710 Seyðisfjörður**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaður Austurlands er ríkisaðili í A-hluta. Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 167,5 milljónir og afkoma kr. 12,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -8,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 33,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumanns Austurlands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumanns Austurlands fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Lárus Bjarnason,  
sýslumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	163.750.000	176.378.497
Seld þjónusta .....	3	233.134	250.510
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	2.879.158	3.262.378
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	625.813	660.470
<b>Tekjur samtals</b>		<u>167.488.105</u>	<u>180.551.855</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	120.021.344	133.782.439
Annar rekstrarkostnaður .....	6	34.338.111	31.288.674
Afskriftir .....	7	625.813	660.470
<b>Gjöld samtals</b>		<u>154.985.268</u>	<u>165.731.583</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		12.502.837	14.820.272
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(1.178)</u>	<u>(1.500)</u>
		(1.178)	(1.500)
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>12.501.659</u></u>	<u><u>14.818.772</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		1.485.064	1.604.307
Aðrar eignir .....		0	2.488
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>1.485.064</u>	<u>1.606.795</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	26.337.414	13.291.514
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		5.129.999	1.208.475
Handbært fé .....		147.213	1.128.282
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>31.614.626</u>	<u>15.628.271</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>33.099.690</u>	<u>17.235.066</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		(8.294.069)	(20.795.728)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(8.294.069)</u>	<u>(20.795.728)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	21.287.799	5.566.108
Viðskiptaskuldir .....		2.788.274	594.180
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	14.739.981	29.666.988
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	2.577.705	2.203.518
<b>Skuldir samtals</b>		<u>41.393.759</u>	<u>38.030.794</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>33.099.690</u>	<u>17.235.066</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		12.501.659	14.818.772
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	625.813	660.470
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(625.813)	(660.470)
		<u>12.501.659</u>	<u>14.818.772</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(3.921.524)	(824.175)
Tengdir aðilar .....		3.171.709	(23.584.056)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(12.732.913)	10.060.886
		<u>(13.482.728)</u>	<u>(14.347.345)</u>
		<u>(981.069)</u>	<u>471.427</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(504.082)	(524.526)
		<u>(504.082)</u>	<u>(524.526)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		504.082	524.526
		<u>504.082</u>	<u>524.526</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(981.069)	471.427
		<u>1.128.282</u>	<u>656.855</u>
		<u>147.213</u>	<u>1.128.282</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra líða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2021	2020
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	163.750.000	176.378.497
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	625.813	660.470
	<u>164.375.813</u>	<u>177.038.967</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	161.100.000	0	0	161.100.000
Millifært úr varasjóð .....	1.200.000	0	0	1.200.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	1.450.000	0	0	1.450.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>163.750.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>163.750.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(151.248.341)	0	0	(151.248.341)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>12.501.659</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>12.501.659</b>

	2021	2020
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	213.503	172.450
Ýmsar þjónustutekjur .....	19.631	78.060
	<u>233.134</u>	<u>250.510</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.856.676	2.272.708
Kostnaðarhlutdeild .....	1.022.482	989.670
	<u>2.879.158</u>	<u>3.262.378</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	97.850.798	107.049.730
Orlof, breyting .....	(713.715)	1.344.277
Launatengd gjöld .....	22.490.712	24.991.426
Starfsmannakostnaður .....	393.549	397.006
	<u>120.021.344</u>	<u>133.782.439</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	10,3	11,3
------------------------------	------	------

### 6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	714.909	582.220
Byggingarvörur, almennar .....	4.961	4.204
Ýmis tæki og áhöld .....	479.578	383.014
Orkugjafar .....	1.487.911	1.253.065
Matvæli .....	1.340.991	1.381.674
Almennar rekstrarvörur .....	124.108	145.113
Vörukaup, almenn	<u>4.152.458</u>	<u>3.749.290</u>
Ýmsar sérgreindar vörur .....	69.102	10.500
Vörukaup, sérgreind	<u>69.102</u>	<u>10.500</u>

## Skýringar

	2021	2020
<b>6 Annar rekstrarkostnaður (frh.)</b>		
Fundur, námskeið, risna .....	30.000	95.000
Ferðir, uppihald .....	331.408	270.365
Akstur .....	797.432	1.498.001
Sérfræðiþjónusta .....	1.750.769	875.085
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	159.817	258.531
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	378.836	479.834
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	1.216.608	1.356.953
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	4.664.870	4.833.769
Afnotagjöld .....	7.259.364	1.407.296
Leigugjöld .....	15.782.275	15.256.072
Notkun véla og flutningatækja .....	25.860	46.525
Verkkaup .....	1.760.198	782.527
Kostnaðarhlutdeild .....	597.941	5.202.695
Opinber gjöld .....	26.043	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	25.451.681	22.695.115
Annar rekstrarkostnaður samtals	34.338.111	31.288.674
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	623.325	657.767
Aðrar eignir .....	2.488	2.703
	625.813	660.470
	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	1.485.064	1.604.307
Aðrar eignir .....	0	2.488
	1.485.064	1.606.795

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	5.355.665	27.037	5.382.702
Viðbætur á árinu .....	504.082	0	504.082
	5.859.747	27.037	5.886.784
Afskriftir 01.01.2021 .....	3.751.358	24.549	3.775.907
Afskrift ársins .....	623.325	2.488	625.813
	4.374.683	27.037	4.401.720
Staða 31.12.2021 .....	1.485.064	0	1.485.064

## Skýringar

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	26.229.131	12.417.765
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	108.283	873.749
	<u>26.337.414</u>	<u>13.291.514</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	21.287.799	5.566.108
	<u>21.287.799</u>	<u>5.566.108</u>

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	(20.795.728)	(35.614.500)
Afkoma ársins .....	<u>12.501.659</u>	<u>14.818.772</u>
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(8.294.069)</u>	<u>(20.795.728)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
<b>11 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	14.437.530	15.151.245
Önnur ógreidd gjöld .....	<u>302.451</u>	<u>14.515.743</u>
	<u>14.739.981</u>	<u>29.666.988</u>

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	1.485.064	1.606.795
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	<u>1.092.641</u>	<u>596.723</u>
	<u>2.577.705</u>	<u>2.203.518</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	1.606.795	596.723	2.203.518
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.000.000	1.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	504.082	(504.082)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(625.813)</u>	<u>0</u>	<u>(625.813)</u>
	<u>1.485.064</u>	<u>1.092.641</u>	<u>2.577.705</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0,4 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

## Skýringar

### 13 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði ótímabundið og nema árlegar greiðslu vegna húsaleigu kr. 16,5 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.